

**49** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um eptirgjöf á lands-  
 4. apríl. skuld af þjóðjörðum. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 2. þ. m., hafið þjer sent hingað og lagt undir úrskurð landshöfðingja tillögu umboðsmanns Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs, um að ábúendunum á þjóðjörðunum Slýjum og Eystri-Lyngum verði um 3 ára tímabil, talið frá fardögum 1882, veitt hin sama afgjalds-  
 linun og þeim með brjefi landshöfðingja, dags. 30. apríl 1879, var veitt um hið næst undanfarandi 3 ára tímabil, en það var 25 álna eptirgjöf af landskuld þeirra hvors um sig Einars Ólafssonar og Sveins Sveinssonar á Slýjum og 15 álna eptirgjöf í landsskuld Ólafs Sveinssonar á Eystri-Lyngum, þannig að helmingur eptirgjafarinnar var reiknaður með 16. aur. fyrir hverja alin, en helmingurinn eptir meðalverði allra meðalverða á verðlagsskránni.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður, þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leið-  
 beiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að landshöfðinginn samþykkist hjermeð ofangreindar tillögur.

**50** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um framkvæmd á landa-  
 9. apríl. merkjalögnum með tilliti til kirkjueigna. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. f. m., hafa stiptsyfirvöldin sent mjer erindi prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi, innihaldandi fyrirspurnir um ýms atriði viðvíkjandi framkvæmd á landamerkjalögum 17. marz f. á.  
 að því er snertir kirkjueignir, og beiðst leiðbeiningar landshöfðingjans um það, hvernig svara beri hinum umræddu fyrirspurnum, sem lúta að þeim atriðum, er nú skal greina:

1. Hvort prestar, þótt þeir geti talizt með «umsjónarmönnum» og «umráðamönnum» þeim, sem nefndir eru í 1. og 3. gr. laganna sjeu skyldir að stefna til merkja-  
 dóms eptir 7. gr., ef sá, er land á til móts við prestinn, vill ekki samþykkja merkjalýsing hans.
2. Hvernig að skuli fara, þegar kirkjujarðir ligga í öðrum sveitum, með tilliti til þess að skrásetja merkjalýsingu og sýna hana hverjum þeim, sem land á til móts, en í þessu efni sje valt að eiga undir leiguliðunum, og þeir er land eiga umhverfis sjeu ef til vill í fjarska, en leiguliðar þeirra vilji ef til vill einhverra orsaka vegna ekki undirskrifa; hvort prestum, þegar þannig er ástatt, sje skylt að fara lengra, án tillits til þess hvort kostnaðurinn fáið endurborgaður.
3. Hvort prestar upp á sitt eindæmi hafi heimild til að sættast upp á það, að nokk-  
 uð gangi undan kirkjunum, er þeim ef til vill kunni að vera eignað í lítt merk-  
 um og ósamhljóða lögfestum, þó um lítilræði sje að gjöra, eða hvort þeir, ef einhver granni sýni merkjalýsing til samþykktar, hafi heimild til að samþykkja hana, án þess að geyma prófasti og stiptsyfirvöldunum rjett til samþykkis.
4. Hvort ágreiningi um landamerki beri að stefna til hinna lögskipuðu sáttanefnda áður en beiðst er merkjadóms.
5. Hvort prestur ekki fái fría málssókn eða borgun til sjálfs hans eða umboðs-  
 manns við rekstur málsins, ef honum er stefnt til merkjadóms sem varnaraðila,  
 eða hann skyldast til að stefna grönnum sem málsaðili.
6. Hvort prestar fái ekki þannu kostnað endurgoldinn er útheimtist til að gjöra glögg  
 landamerki, eins og umboðsmönnum sje heitið í landshöfðingjabrjefi 28. júlí f. á.

Um þetta efni skal jeg þjónustusamlega tilkynna stiptsyfirvöldunum það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Um 1. spurn. Ákvarðanirnar í 1. og 3. grein landamerkjalaganna um skylduna til